

Nefndasvið Alþingis

nefnasvid@althingi .is

Umsögn Landsambands eldri borgara (LEB) um tillögu til þingsályktunar um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins. Þingskjal 39 -39.mál 2014.

LEB hefur alltaf lagt áherslu á að mótuð sé stefna til langs tíma hvað varðar þjónustu við aldraða. Á það bæði við um heilbrigðisþjónustu og félagslega þjónustu, sem við viljum að sé samræmd á landsvísu. Samkvæmt skýrslu Boston Consulting Group sem unnin var fyrir heilbrigðisráðuneytið 2011, er einnig að finna ábendingar um að samræmd rafræn sjúkraskrá sé nauðsynlegur þáttur til að auka gæði og hagræðingu í heilbrigðiskerfinu hér á landi. Boston Consulting Group leggur líka til að að Ísland verði skipt í 7 heilbrigðisumdæmi. Hvert umdæmi verði skipulagt sérstaklega með hliðsjón af uppbyggingu hjúkrunarstofnana og þjónustu við sjúka. Í framhaldi af þeirri skýrslu var efnt til mikillar vinnu margra aðila með vinnufundum í þjóðfundarstíl og tóku stjórnarmenn LEB þátt í þeirri vinnu. Vafalaust er þar eitthvað sem nýtist við að gera framkvæmdaáætlun til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins.

Við teljum einnig að nýta mætti í auknum mæli ýmsar tæknilausnir til að auka þjónustu og hagræða í heilbrigðiskerfinu og á það ekki síst við um þjónustu við aldraða. Við mælum með því að unnið sé að því í samræmi við tillögur starfshóps um tækni í velferðarþjónustu sem skilaði af sér skýrslu um málið til félagsmálaráðherra nú í haust. Þó að oft sé talað um „aldurssprengju“ sem kalli á mikla þjónustu við aldraða viljum við benda á að á næstu 5-10 árum fjölgar aðallega í yngri aldurshópum, sem eru mun betur á sig komnir og frískari, en eldri aldurshópar. Sambætting hjúkrunar og heimaþjónustu við aldraða er eitt af skilyrðum til þess að bæta og hagræða í þjónustu við aldraða svo að þeir geti sem lengst búið á eigin heimili. Rannsóknir sýna að meirihuti aldraðra vill búa á eigin heimili eins lengi og mögulegt er, en til þess þarf viðeigandi þjónusta að vera í boði.

Ekki hvað síst er mikil þörf á því að gera heildstæða áætlun um byggingu hjúkrunarheimila sem taki tillit til allra þátta í þjónustu við aldraða. Jafnframt viljum við benda á að við slíka langtímaáætlun sem tillaga er um í þessari þingsályktun þarf einnig að gera ráð fyrir millistigi á milli þess að búa á eigin heimili og hins að þurfa að fytja á hjúkrunarheimili. Það millistig hefur verið dvalarrými, sérstaklega á landsbyggðinni og það þarf að vera fyrir hendi, eða einskonar sambýli þeirra aldraðra sem ekki geta verið heima en eru ekki hjúkrunarsjúklingar. Á þéttbýlli stöðum gætu þjónustu- eða öryggisíbúðir gegnt því hlutverki.

Landsamband eldri borgara lýsir yfir stuðningi við tillöguna, og bendir á að samvinna þarf að vera við hagsmunaaðila um frekari útfærslu verði tillagan samþykkt.

Reykjavík 2. des. 2014.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður LEB.